

**Svar Vöku dags 15. janúar 2021 við erindi starfsmanns íbúaráða um starfsemi fyrirtækisins á Héðinsgötu.**

Hér er svar við spurningu nr. 3.

**a) Geta íbúar treyst því sem fyrirtækið segir í nýrri umsókn um starfsleyfi þegar vitað er að það sagði ósatt í veigamiklum atriðum í fyrri umsókn ?**

Það var ákveðið að Vaka myndi sækja að nýju um starfsleyfi þar sem að fyrri umsókn náði ekki yfir alla starfsemi fyrirtækisins, ekki vegna mögulegra brota. Ég get ekki svarað fyrir fyrrum framkvæmdastjóra eða ráðgjafa sem eru ekki starfandi hjá fyrirtækinu í dag. Ég tel að ég hafi sýnt það í verki að mér er umhugað um umhverfið og að fyrirtækið starfi samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem því ber. Traust er eitthvað sem menn/fyrirtæki vinna sér inn. Ég tel það ljóst að þær breytingar hafa orðið frá því að ég tók við sem framkvæmdastjóri sýni viljann, og að þær verði fleiri í jákvæða átt framundan sem nágrannar verða ánægðir með. Mig langar svo að taka það fram, að ef nágrannar hafa spurningar eða ábendingar um eitthvað sem betur megi fara þá endilega að hafa samband við mig svo að við getum leyst málin í sameiningu.



**Með kveðju / Best Regards**

**Reynir Þór Guðmundsson**

**CEO / Framkvæmdastjóri**

**Address:** Héðinsgata 2 | 105 Reykjavík, Iceland

**Website:** [www.vaka.is](http://www.vaka.is)

**E.mail:** [reynir@vaka.is](mailto:reynir@vaka.is)

**Tel:** 863 4000 | 567 6700